

- b. Nemandi, sem lokið hefur 3. stigi vélstjórnarnáms, skal ljúka 21 mánaða starfsþjálfunarnámi á námssamningi hjá viðurkenndu málmiðnaðarfyrirtæki og auk þess skólanámi í bókhalði, verkáætlanagerð og áhalda- og vinnslufræði.
- c. Nemandi, sem lokið hefur 2. stigi vélstjórnarnáms skal ljúka 23 mánaða námi á námssamningi hjá viðurkenndu málmiðnaðarfyrirtæki og að auki 4 mánaða námi í iðnfræðsluskóla í ýmsum námsgreinum í vélsmíði sem ólokið er í 2. stigs vélstjórnarnámi.

Vélskóli Íslands skal á hverjum tíma kenna allar bóklegar greinar sérhæfingasviðs vélsmíðanáms, þ.e. aflvéla, frystivéla og vökva- og loftkerfa, þannig að við lok 4. stigs gefi skólinn út burtfararskírteini iðnfræðsluskóla í vélsmíði og rennismíði fyrir þá sem staðist hafa öll prófin. Að því er varðar sérgreinar iðnvélavirkjunar og rennismíði skal skólinn kenna séráfangna greinanna, þegar nemendafjöldi gefur tilefni til þess.

15. gr.

Vélskóli Íslands skal eftir því sem unnt er halda uppi endurmenntun fyrir starfandi vélstjóra til þess að tryggja nauðsynlega þekkingu þeirra, og jafnframt standa fyrir sérstöku viðbótarnámi á sérsviði vélstjórnargreina þegar nauðsynlegt er talið að veita það og fé til þess veitt. Skólanum skal heimilt að ráða sérstakan mann til að skipuleggja endurmenntunina í samráði við Vélstjórafélag Íslands, samtök atvinnurekenda og hagsmunaaðila og sjá um framkvæmd hennar. Stefnt skal að því að afla skólanum búnaðar og fræðsluefnis svo að hann geti sinnt þessu verkefni á viðeigandi hátt.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1985 um vélstjórnarnám og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vélstjórnarnám nr. 7/1982.

Menntamálaráðuneytið, 18. apríl 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sólrún Jensdóttir.

Nr. 217

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X. og Alexandrine drottningar, árið 1987.

Sjóður í ársbyrjun:

Landsbanki nr. 5268706	kr. 22 770
Vextir	kr. 6 066
	<hr/>
	kr. 28 836

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1988.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.